

Norski kitsch-málarinn **Odd Nerdrum** vekur umræðu hvar sem hann fer. Auglýsingar um sýningu Listasafns Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum á verkum hans komust í fréttir um leið og þær voru settar upp. Odd segist **hataður** af gagnrýnendum víða um heim en sérstaklega segir hann að þeim sænsku sé í nöp við sig. Honum er nokk sama, hann er **ekki** listamaður – hann er **kitsch-málarí**.

Kitsch er satan listarinnar

Odd Nerdrum er ekki bara hataður af gagnrýnendum. Mörgum almennum borgurum er ekki vel við hann. Hann er hálfgerð ólíkindatöl og lítur út fyrir að vera það. Hann klæðist ekki venjubundnum fatnaði. Hann gengur um í kuffli og háir hans er úfið og strítt. Hann er hárfill um sig í kufflinum og óáreinnilegur. Þegar ég sest niður andspænis honum hugsa ég með mér að hann sé örugglega göldróttur.

Síðustu 15-20 árin hefur Odd Nerdrum notað íslenskt landslag í myndum sínum. Hann vissi hins vegar ekki hvaðan þetta landslag var komið. Það var bara í myndunum hans.

„Andrúmsloft íslensks landslags er villt,“ segir Odd. „Tilfinning mín fyrir íslensku landslagi er að það sé svart og fullt af sorg. Sálfraðileg áhrif þess eru þunglyndislegur tótleiki sem ég elska. Ég þoli ekki tré. Það er allt í lagi með eitt og eitt en mörg eru þau hrein andstyggð.“

Hrafn vekur

Odd kom til Íslands í fyrsta sinn eftir að hann hafði séð Hrafninn flýgur, kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar. Odd segir Hrafn snilling.

„Allir snillingar eru umdeildir. Voltaire sagði að þegar allir væru sammála væri ekkert frælsi. Því á að gleðjast yfir því að einn sker sig út úr og geri og segi annað en aðrir í samfélaginu. Það er mjög mikilvægt. Þegar leitað er eftir því að allir séu eins er komið hættulegt ástand. Þá eru allir sofandi. Hrafn vekur.“

Afurð 18. aldar

„Ég er ekki hluti af listamannasamfélaginu. Ég er kitsch-málarí og það mjög góður. Þegar maður er kitsch-málarí þá er ekkert skjól; það er enginn sem verndar mann. Engin heilög lög listarinnar. Þess vegna var í lagi að fela hluta af málverkinu mínu í auglýsingum. Það væri aldrei gert við listaverk.“

Af hverju skilgreinirðu þig ekki sem listamann?

„List var fundin upp síðast á 18. öld. Emmanuel Kant setti reglur um



„Ég veit líka að ef íslenskir gagnrýnendur skrifa um þessa sýningu verða þeir mjög neikvæðir,“ segir Odd Nerdrum. „Þeir eru menntaðir.“ Innfelda myndin er verk Odds, Relfabarn.

list og eftir þeim fara gagnrýnendur í mestu. Þess vegna má segja að listin sé trúarbrögð. Það liggur eitthvað að baki listaverkum. Í mínum verkum er allt á yfirborðinu. Ég hef kosið mér klassíska aðferð við málverk sem var ríkjandi fyrir daga Kants. Hann afneitaði klassíska verkinu. Hann sagði að það gæti verið meira á bak við krot en gott klassískt handverk. Þannig varð listin til. Þess vegna varð ég að segja skilið við myndlistina og gerast kitsch-málarí. Kitsch er satan listarinnar. Það varð gælunefni þeirra sem ekki fylgdu lögmálum listarinnar.“

Eilíft andrúmsloft

„Ég hata ekki listina. Hún er að mörgu leyti yndisleg. Opinberlega er hún góð. Ég hef ekki áhuga á því. Ég hef áhuga á hinu eilífa þar sem draumurinn ræður. Nútíminn vekur ekki áhuga minn því eftir fimmtíu ár verður hann orðinn gamall. Ég vil ekki fylgja þeirri þróun heldur stíga út úr henni og öðlast andrúmsloft eilífðarinnar. Þess vegna

hef ég tileinkað mér tækni endurreisnarinnar.“

Fullir haturs

Eru gagnrýnendur alltaf neikvæðir gangvart verkum þínum?

„Í Bandaríkjunum hafa þeir stundum verið mjög jákvæðir. Í Noregi eru þeir yfirleitt hræðilegir og í Svíþjóð hafa þeir verið afar neikvæðir; stundum fullir haturs.“

Þótt Odd sé ekki vinsæll á Norðurlöndum segja sumir að hann hafi öðlast nokkrar vinsældir í Bandaríkjunum. Ég tek upp bók sem ligg-

ur á borðinu og í eru hugleiðingar og heimspeki Odds um kitsch. Hún er nýkomin út á ensku og er á leiðinni til Bandaríkjana.

Og Bandaríkjamönnum líkar vel við þig, ekki satt?

„Nei, ég held ekki. Kannski nokkrum en ég held að það séu ekki margir hrifnir af mér og því sem ég geri. Og ég veit hvers vegna. Það er af því ég er ekki á réttum stað en ég veit alveg hvar ég er. Ég veit líka að ef íslenskir gagnrýnendur skrifa um þessa sýningu verða þeir mjög neikvæðir. Þeir eru menntaðir.“

við mælum með



Läkerol

Hið sænska Läkerol hefur endanlega leyst ópalið af hólmi. Það er ekki bara rosalega gott heldur líka frá Sverige og eins og allir vita koma bara góðir hlutir þaðan. Spyrjið bara þá sem eiga Volvo.

Sparibaukar

Hver kannast ekki við óþolandi klink sem þvælist fyrir í vösum og veskjum? Með því að safna því saman í sparibauk má sleppa við að dröslast um með fimmþúsund kall í klinki og í staðinn safna fyrir utanlandsferð. Það er fátt skemmtilegra en að borga 30.000 króna flugmiða með klinki.



Markvisst kynlíf

Í nokkra áratugi höfum við stundað æfingakynlíf sem miðar ekki að neinu nema bæta kynferðislegt úthald. Af hverju ekki að hætta tilgangslausu hjakki og rándýrum getnaðarvörnum og láta kvíði þenjast út og börn skríða úr mæðrum sínum. Börn eru ágæt. Svo stækka þau líka og geta sótt mann í partiin þegar maður verður orðinn miðaldra og þau komin með bílpróf.



Fæði ríka mannsins

Farið út í verslun og sláið um ykkur. Kaupið nokkur kíló af papriku til að sýna að þið séuð rík og flott.

hvað ætlaðu að gera um helgina

Eftir vinnu á föstudaginn ætla ég út að borða á Ítalíu með félögum í hljómsveitinni. Svo förum við beint á hljómsveitaræfingu. Ef æfingar standa ekki langt fram á nótt getur vel verið að maður kiki í bíó. Á laugardaginn ætla ég að vera heima og slappa af og kannski leika mér í tölvunni. Síðan fer ég og fæ mér einhvern góðan bita en mér finnst sérstaklega gott að borða á Tex Mex. Um kvöldið verða svo aftur strangar æfingar með hljómsveitinni. Ég ætla að hitta mömmu á sunnudaginn og eiga smá family-time með henni. Svo er aftur æfing um kvöldið en í þetta sinn verðum við búnir klukkan átta og þá fer ég á samkomu.



Oddur Carl Thorarensen, söngvari í hljómsveitinni Trompet.

Amma Fifi



Að hjóla á þrekhjól er eins og að sogast inn í svarthol. Tíminn líður sífellt hægar og hægar.